

Stykkishólmsbær
Kristín Þorleifsdóttir
Hafnargötu
340 Stykkishólmur

Reykjavík, 24. janúar 2024
UST202312-125/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Þingskálanes - Sveitarfélagið Stykkishólmur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Stykkishólmur er barst 13. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Þingskálanes.

Í greinargerð kemur fram að í tillögunni gert ráð fyrir þremur íbúðarhúsalóðum og þremur frístundahúsalóðum á Þingskálanesi og níu frístundahúsalóðum á Hömrum. Aðkoma að svæðinu verður af Sauravegi um Birkilund og Sauraskóg. Leitast verður við að fella byggingar og mannvirki að landslagi og vernda strandsvæði, náttúrlegan birkiskóg og dýralíf.

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands er innan skipulagssvæðisins votlendi sem nýtur sérstakra verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.¹

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufrýrbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnu bendir á að aðkomuvegur liggur í gegnum votlendið og þannig getur vegagerð valdið fyrirstöðu og þurrkáhrifum. Umhverfisstofnun leggur til að vegurinn sé færður til þess að vernda votlendið fyrir raski.

Ef tillaga gerir ráð fyrir raski á votlendi þarf að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á því.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Náttúruminjaskrá og fuglavernd

Umhverfisstofnun bendir á fjörur í Álftafirði og Vigrafirði eru á náttúruminjaskrá nr. 230 og er lýst svo: Miklar og frjósamar leirur og þangfjörur. Mikil umferð farfugla.

Samkvæmt upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands er þekktur arnarvarpsstaður námunda.

Umhverfisstofnun telur því nauðsynlegt að óska eftir álitum Náttúrustofu Vesturlands og Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi verkefnið vegna fuglalífs.

Í því samhengi vill Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að taka tillit til laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, en markmið laganna er m.a. að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna. Stofnunin vill benda á 19. gr. í kafla VII sem nefnist Sértek friðun þar sem segir m.a. „Óheimilt er frá 15. mars til 15. ágúst að koma nær arnarhreiðrum en 500 m nema brýna nauðsyn beri til..“ Þar segir einnig: „Óheimilt er að hrófla við hreiðrum og hreiðurstæðum arna og svæði sem takmarkast af 100 m hringmáli umhverfis, hvort sem er á varptíma eða utan hans. Einnig er óheimilt að koma fyrir hvers kyns búnaði í þeim tilgangi að fæla fugla frá hreiðurstæðum eða reyna að hindra þá í að verpa þar. Með hreiðurstæðum samkvæmt þessari grein er átt við alla þá staði sem ernir hafa orpið á.“

Í 1. og 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 252/1996 um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðavarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl. segir: „*Dvöl manna er óheimil við hreiður fálka, hafarnar, snæuglu, haftyrdils, keldusvíns og þórshana vegna myndatöku, upptöku á hljóðum, athugana á lifnaðarháttum eða í öðrum tilgangi sem ætla má að geti valdið truflunum.*

Á tímabilinu 15. mars - 15. ágúst er mönnum óheimilt að koma nær arnarhreiðrum en 500 m nema brýna nauðsyn beri til, svo sem vegna lögmætra nytja sem ekki er hægt að stunda á öðrum árstíma, enda sýni menn ítrustu varfærni og forðist að trufla fuglana. Þessi takmörkun á umferð gildir þar sem ernir eru að búa sig undir varp og við þau hreiður sem orpið hefur verið í.

Svæðið sem hér um ræðir liggur að Breiðafirði, en Umhverfisstofnun vill benda á lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur þeirra er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndanna, lífríkis og menningarminja.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Hlín Gísladóttir

lögfræðingur